

**Erindi Reynis Tómasar Geirssonar dags. 29. desember 2021, vegna skipulagsmála á horni Háaleitisbrautar og Safamýrar.**

Sæl Dóra,

fyrst langar mig að nefna vegna Safamýri 89, sem ég skrifaði þér um á sl. sumri, sbr. neðanskráð, að engin vandkvæði hafa komið upp. Einu sinni í sumar var lögregla kölluð til þegar maður lá í grasi við gangstéttarkantinn við götuna framan við húsið. Ég spurði þá einn íbúanna í Safamýri 89 hvað væri að gerast og hann sagði bara "Æ, þetta er veikur maður sem á hvergi höfði sínu að halla". Þar þótti mér vel komist að orði og lögreglan tók manninn með sér. Ég lánaði þeim verkfæri vegna garðvinnu og því var öllu skilað og garðurinn var settur í mun betra stand en verið hafði. Þetta eru ágætir nágrannar.

Svo vil ég nefna annað sem við íbúar hér ofarlega í Safamýri höfum áhyggjur af. Það eru áform um að byggja stóra íbúðarblokk efst við Safamýrina vestanverða (horn Safamýri og Háaleitisbrautar) þar sem nú er grasflöt og áformað hafði verið að bæta útkeyrslu frá Háaleitisbraut til norðvesturs inn á Miklubraut skv. skipulagi. Þar er nú talað um 4-5 hæða blokk með um 50 íbúðum, bílakjallara og engum bílastæðum, að mér skilst. Við Safamýrina eru blokkir sem eru 4 hæða með 3-5 herbergja íbúðum, 26-28 íbúðum í hverri. Það er því ljóst að um yrði að ræða miklu stærra hús ef það á að rúma 50 íbúðir. Eðlilega yrði ekki mikið pláss fyrir bílastæði, til dæmis vegna gesta í húsið. Það eiga að því er mér skilst að vera bara stæði í bílakjallara, s.s. fyrir íbúana sjálfa. Húsið yrði eflaust að vera 5-6 hæðir að auki. Sprengja þarf sennilega ofan í klöpp vegna bílakjallara með tilheyrandi hættum og miklu raski fyrir íbúa húsanna sem hér eru fyrir. Bílastæði gesta munu verða í reynd í Safamýrinni sjálfri þar sem bílum verður lagt beggja vegna götunnar og í eða við innkeyrslur okkar íbúanna hér. Nefna má að umferð barna á leið í skóla verður framhjá húsinu sem er í lagi ef pláss er nóg og umferð hæfileg, en hætt er við að svo verði ekki.

Það átti að byggja banka þarna fyrir 30 árum og talsvert var pressað á þá framkvæmd, enda var framkvæmdaraðili náskyldur þáverandi borgarstjóra. Við fórum allmörg íbúanna á fund borgarstjórnar og andmæltum, með árangri. Mörg rök voru tiltekin þá sem eru enn í gildi, m.a. vegna umferðaraukningar og þess að til að komast í hverfisskóla, leikskóla og íþróttamannvirki verða börn að fara yfir Safamýrina. Þess vegna var gatan svo líka þrengd seinna og umferðarhraði minnkaður.

Ég held að við hér og íbúaráðið verðum að fá fullt tækifæri til að fylgjast með hvað er verið að gera í þessu, frá fyrstu stigum. Ég tel mig geta fullyrt að við vildum heldur að svæðið yrði gert enn grænna (tré, blóm og bekkir) og því haldið til haga vegna framtíðar umferðarmannvirkja, þ.m.t. borgarlínu. Við höfum ekki mikinn áhuga á nýrri risablokk fremur en banka fyrir 30 árum. Þegar ég óskaði eftir 10 árum að fá að gera litla framkvæmd á eigin lóð sem krafðist innkeyrslu þá var það ekki heimilað og vísað í samþykkt skipulag frá 1961. Sama hlýtur að gilda margfalt meir um þessa risaframkvæmd sem svona blokk yrði.

Hér yrði "þétting byggðar" til þess að skapa vandamál þar sem þau eru engin fyrir.

Mig langaði til að koma þessu á framfæri við íbúaráðið og vona að við íbúar fáum með virkum hætti upplýsingar, ekki bara í fjölmiðlum eða vegna tilviljana, eða þegar allt er um seinan. Manni sýnist að oft sé það því miður svo að búið er að veita byggingarleyfi o.s.frv. þegar íbúar sem fyrir eru geta með raunhæfum hætti komið að málum.

Með vinsamlegri kveðju,

Reynir Tómas Geirsson

Safamýri 91, 108 Reykjavík.